

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK.**

Reykjavík, 1. nóvember 1999.

Sambandi íslenskra sparisjóða hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta 25. mál lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Tryggingasjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingasjóðs sparisjóða sameinist auk þess sem komið verði á fót tryggingakerfi fyrir fjárfesta í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/9EC. Á þennan hátt verði til einn heildstæður tryggingasjóður sem verndar hagsmuni viðskiptavina banka, sparisjóða, lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn því að þessir aðilar geti ekki staðið þeim skil á tilteknum kröfum á hendur þeim allt að tilgreindu lágmarki.

All nokkrar viðræður áttu sér stað milli Sambands ísl. sparisjóða og viðskiptaráðuneytisins áður en sambandið féllst á að taka þátt í samningu frumvarps sem hefði það að markmiði að sameina Tryggingasjóðs viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingasjóðs sparisjóða enda fá ár liðin frá því að tilraun til slíkrar sameiningar rann út í sandinn. Niðurstaða þessara viðræðna var sú að Samband ísl. sparisjóða féllst á að skipa fulltrúa í nefnd sem fékk það verkefni að semja frumvarp sem hefði þann megintilgang að sameina framangreinda sjóði og uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Niðurstaðan byggðist á því að áfram yrði tryggt að meginefni gildandi lagaákvæða um lánadeild Tryggingasjóðs sparisjóða yrði hluti nýs frumvarps um innstæðutryggingar. Þetta reyndist auðsótt mál enda óyggjandi reynsla að baki sem sannað hefur mikilvægi lánadeildar Tryggingasjóðs sparisjóða sem forvarnar þannig að ekki hefur þurft að ganga á sjóð vegna innstæðutrygginga. Ákvæði frumvarps þessa um öryggissjóði mætir þessum sjónarmiðum með fullnægjandi hætti.

Sameining sjóðanna að öðru leyti styrkir hag innstæðueigenda og þar með öryggi sparifjár almennings.

Samband ísl. sparisjóða hefur með milligöngu fulltrúa síns í nefnd þeirri er samdi frumvarp þetta fylgst náið með efni þess og gerir ekki við það athugasemdir.

Sambandið mælir með tilvísan til framangreinds með samþykkt frumvarpsins um leið og vakin er athygli á áhersluatriðum þeim sem að framan greinir.

Virðingarfyllst,

f.h. SAMBANDS ÍSL. SPARISJÓÐA


Sigurður Hafstein
framkvstj.